

Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032

Greinargerð - Skilmálabreyting fyrir landbúnaðarsvæði og skógræktar- og landgræðslusvæði

Inngangur:

Grímsnes- og Grafningshrepps vinnur að breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032, skv. 1. Mgr. 36. Gr. skipulagslaga nr.123/2010. Breytingin varðar skýrari stefnumörkun er varðar skógrækt innan aðalskipulags.

Forsendur:

Stefnan tekur til skógræktar innan skilgreindra landnotkunarflokka sem taka til landbúnaðarlands, opinna svæða og skógræktar og landgræðslusvæða. Töluverð ásókn hefur verið í landsvæði undir skógrækt undanfarin misseri innan sveitarfélagsins. Í flestum tilfellum er um að ræða svæði á skilgreindu landbúnaðarlandi. Af þeim sökum telur sveitarstjórn nauðsynlegt að marka skýrari stefnu í aðalskipulag um það á hvaða svæðum skógrækt er æskileg, hver málsmeðferð slíkra mála skal að vera og hvers konar gögnum þarf að leggja fram við slíkar umsóknir. Markmið breytingarinnar er að gera ítarlegri skilmála til að hafa betri yfirsýn og stjórn á skógrækt og skapa betra verkfæri til að takast á við skógræktaráform innan sveitarfélagsins til framtíðar.

Samræmi við aðrar áætlanir:

Aðalskipulag:

Innan aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps er fjallað töluvert um skógrækt, bæði innan forsendu og umhverfisskýrslu og innan greinargerðar skipulagsins. Ein megin stefna aðalskipulags er að skapa loftlagsvæna byggð og stuðla að bættri vitund íbúa um loftslagsmál, m.a. með fjölbreyttari möguleikum í samgöngum, bindingu gróðurhúsalofttegunda, **skógrækt** og endurheimt votlendis. Helst það í hendur við stefnu um verndun úrvals landbúnaðarlands. Flokkun landbúnaðarlands, sem er grunn landnotkunarflokkur aðalskipulags, liggur fyrir innan forsendu og umhverfisskýrslu aðalskipulags. Skiptist landbúnaðarland í eftirfarandi flokka:

- **Flokkur I** - Úrvals ræktunarland: Engar eða mjög litlar takmarkanir eru á notkun landsins til ræktunar. Því sléttara og því lægra í landi því betra. Vistgerðir og jarðvegsgerðir henta mjög vel til ræktunar, æskilegt er að jarðvegsdýpt sé sem mest, sem minnst af grjóti og raki sé hæfilegur.
- **Flokkur II** - Gott ræktunarland: Litlar takmarkanir eru á notkun landsins til ræktunar en þó meiri en í flokki I. Landið getur verið í meiri halla og/eða legið hærra í landi en í flokki I. Þá geta jarðvegsgerðir og vistgerðir verið aðeins lakari en í flokki I, til dæmis aðeins minni jarðvegsdýpt, meiri líkur á grjóti eða landið verið blautara.

- **Flokkur III** - Blandað land: Takmarkanir geta haft áhrif á notkun landsins til ræktunar. Halli getur til að mynda verið meiri en í flokkum I og II eða landið legið hærra yfir sjó. Vistgerðir og jarðvegsgerðir geta verið lakari en í flokkum I og II, m.a. vegna minni jarðvegsdýptar, meira grjóts og/eða bleytu. Land hentar yfirleitt vel til beitar og jafnvel til **skógræktar** og getur í sumum tilvikum hentað til túnræktar.
- **Flokkur IV** - Illræktanlegt / óræktanlegt land: Takmarkanir útiloka landið frá ræktun. Á svæðinu geta verið vistgerðir og/eða jarðvegsgerðir sem eru óræktanlegar, halli lands getur verið of mikill eða landið verið of hátt yfir sjó. Þetta getur einnig verið manngert umhverfi eins og þéttbýli eða vegir. Landið getur oft hentað til útivistar og í sumum tilvikum til beitar.

Innan greinargerðar aðalskipulags er lögð fram stefna um flokkun landbúnaðarlands og heimilda innan þess á grundvelli fyrrgreindrar flokkunar þar sem svæðunum er skipt í 3 flokka:

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR
L1	Úrvals landbúnaðarland með takmörkuðum byggingarheimildum	Landbúnaðarland í flokki I og að hluta til í flokki II (sbr. flokkun landbúnaðarlands); sléttlendi, nær grjótaust og frjósamur jarðvegur. <ul style="list-style-type: none"> • Landið verði fyrst og fremst nýtt til ræktunar og matvælaframleiðslu. Byggingar, vegir, samfelld skógrækt o.fl. sem hamlar nýtingu lands til matvælaframleiðslu er að jafnaði ekki heimil. Þó er heimilt að byggja upp á 1-2 ha spildum á bæjartorfum bújarða þar sem hentugt er að samnýta vegi og veitur. • Byggingar geta verið heimilar í jaðri svæða og verður það skoðað í hverju tilfelli fyrir sig m.t.t. líklegra áhrifa á nýtingu lands til matvælaframleiðslu. • Mögulegt er að heimila afturkræfar framkvæmdir ef metið er að auðvelt sé að endurheimta land til matvælaframleiðslu. • Heimilt er að vera með skjólbelti
L2	Gott landbúnaðarland	Landbúnaðarland í flokki II-IV. Land að hluta til ágætt til akuryrkju, einkum land í flokki II. <ul style="list-style-type: none"> • Heimilt er að byggja upp til fastrar búsetu, landbúnaðarstarfsemi og minniháttar atvinnustarfsemi, sem getur verið ótengd landbúnaði. • Forðast skal að raska samfellu í góðu landbúnaðarlandi með byggingum og vegagerð. • Hluti svæða getur hentað vel til skógræktar og skjólbeltaræktunar. • Landspildur eru jafnan yfir 10 ha að stærð.
L3	Landbúnaðarland með rúmum byggingarheimildum	Megin landnýting verður áfram landbúnaður sem atvinnustarfsemi og/eða áhugabúskapur. <ul style="list-style-type: none"> • Heimilt er að byggja upp litlar landspildur til fastrar búsetu, landbúnaðarstarfsemi og minniháttar atvinnustarfsemi sem er jafnvel ótengd landbúnaði. • Landspildur eru jafnan 1- 15 ha að stærð. Nýtingarhlutfall er 0,05 og heildar byggingarmagn á lóðum/landspildum er að hámarki 1.500 m², nema mannvirki séu tengd landbúnaðarstarfsemi. • Óheimilt er að hafa mengandi starfsemi sem veldur öðrum óþægindum, s.s. vegna lyktar, hávaða, óþrifnaðar eða sjónmengunar, né dragi að sér óeðlilega mikla umferð. • Húsdýrahald og skógrækt er heimil

Innan viðkomandi skilmála er sérstaklega tiltekið um skógrækt

- L1 - Byggingar, samfelld skógrækt og annað sem hamlar ræktunarmöguleikum er að jafnaði ekki heimil á landbúnaðarlandi L1, eða á skilgreindum verndarsvæðum.
- L2 - Hluti svæða getur hentað vel til skógræktar og skjólbeltaræktunar.
- L3 - Húsdýrahald og skógrækt er heimil.

Um skógræktar- landgræðslusvæði er lögð fram eftirfarandi stefna í aðalskipulagi sveitarfélagsins

- Að skógrækt og landgræðsla verði nýtt til bindingar kolefnis. Sveitarfélagið mun setja sér stefnu um hvernig það geti orðið kolefnishlutlaust.
- Að skógrækt og skjólbeltarækt verði nýtt til að bæta búsetuskilyrði, ræktunarmöguleika og til að mynda skjól.
- Að við skipulag skógræktar verði hugað að því að vernda landslag, mikilvægar vistgerðir sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga og ásýnd svæða og að skógur vaxi ekki fyrir góða útsýnisstaði.

Almennir skilmálar

- Skógrækt er heimil á landbúnaðarlandi í flokkum L2 og L3 og skjólbeltarækt er heimil allsstaðar í byggð.
- Skógrækt valdi ekki snjósöfnun á vegum eða hindri vegsýn.
- Landgræðsla er heimil þar sem hennar gerist þörf.
- Við skógrækt í námunda við ár- og vatnsbakka verði ekki hindruð frjáls för manna og tekið tillit til mikilvægra vistgerða.

Skógræktarsvæði sem skilgreind eru í skipulagsáætluninni eru ýmist svæði á vegum skógræktarféлага, skógrækt í tengslum við Skógrækt ríkisins eða skógrækt á vegum einstaklinga. Núverandi og áætluð skógræktarsvæði stærri en 15 ha eru sýnd á skipulagsupprætti. Mörg svæðanna eru einnig nýtt sem útivistarsvæði. Á skógræktarsvæðum er heimilt að hafa mannvirki sem þjóna notkun svæðanna, s.s. bílastæði, snyrtiaðstöðu, gönguleiðir, áningarstaði og upplýsingaskilti. Nýræktun skóga á 200 ha svæði og stærra eða á verndarsvæðum sem breytir fyrri landnotkun er tilkynningarskyld vegna umhverfismats.

Alls eru skilgreind 17 skógræktar- og landgræðslusvæði á aðalskipulagi og taka þau svæði til um 4581 ha af landi.

Landskipulagsstefna 2015 - 2026:

Viðmið

- Landnotkun styðji við búsetu, möguleikar séu á fjölbreyttri nýtingu lands, s.s. til ræktunar, ferðapjónustu og útivistar.
- Skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu lands, vernd líffræðilegrar fjölbreytni og varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri.
- Skipulag í dreifbýli stuðli að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru, menningar og sögu.
- Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að heilsu og vellíðan.
- Við skipulag byggðar verði tekið tillit til náttúruvár og loftslagsbreytinga.
- Skipulag byggðar og landnotkunar varðveiti og efli gæði sem felast í landslagi og sérkennum náttúru og byggðar á hverjum stað.

Flokkun landbúnaðarlands

- Áhersla er á að vernda land í flokkum I og II til matvælaframleiðslu.

Land og líf, landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt:

Lykilviðfangsefni stefnu um landgræðslu og skógrækt eru gróður- og jarðvegsauðlindir landsins. Stefnan fjallar um hvernig megi vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands.

Ræktun nýrra skóga miðar að uppbyggingu auðlindar sem hægt er að nýta til hagsbóta fyrir samfélagið til framtíðar. Það þarf að gerast á þann hátt að ekki verði gengið á önnur gæði og að tekið sé tillit til náttúruverndar, minjaverndar og landslags.

Framtíðarsýn:

Með það að leiðarljósi að auðlindir þjóðarinnar, sem eru fólgnar í gróðri og jarðvegi, verði verndaðar, endurheimtar og eflar og að tryggð verði sjálfbær nýting þeirra er eftirfarandi framtíðarsýn fyrir landgræðslu og skógrækt á Íslandi sett fram:

- Ástand vistkerfa og líffræðileg fjölbreytni þeirra er í samræmi við vistgetu.
- Nýting skóga, votlendis og annarra vistkerfa er sjálfbær og þau hafa öflugan viðnámsþrótt gegn náttúrulegum áföllum og öðru raski.
- Vistkerfi landsins geyma ríkulegt magn af kolefni í jarðvegi og gróðri og gegna lykilhlutverki í að Ísland bindi meira kolefni en það losar.
- Aukin landgæði í skógum og blómlegri vistkerfum styðja við bætt lífsgæði, lýðheilsu og eykur þanþol samfélaga gagnvart umhverfisbreytingum.
- Land býr yfir gæðum sem styðja við fjölbreytta atvinnustarfsemi og sjálfbæra þróun byggða um allt land.

Áherslur

Til þess að framtíðarsýnin geti orðið að veruleika eru settir fram fimm áhersluþættir sem draga fram meginviðfangsefni stefnunnar:

1. Efla vernd, viðgang og heilleika vistkerfa á grunni vistkerfisnálgunar.
2. Efla náttúrumiðaðar lausnir í loftslagsmálum sem samræmast alþjóðlegum skuldbindingum.
3. Stuðla að sjálfbærri landnýtingu.
4. Efla þekkingu, samstarf og lýðheilsu.
5. Stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land

Breytingar á aðalskipulagi:

Í kafla 3.2.1 Landbúnaðarsvæði (L) er bætt við eftirfarandi flokki:

Skógrækt á landbúnaðarsvæðum:

- Skógrækt á landbúnaðarlandi er framkvæmdaleyfisskyld og skal skila inn ræktunaráætlun og/eða deiliskipulagi vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar.
- Við umsókn um nýtingu landbúnaðarlands undir skógrækt skal taka mið af eftirfarandi og gera grein fyrir innan ræktunaráætlunar og/eða deiliskipulags:
 - Flokkun landbúnaðarlands
 - Mati á verndargildi vistgerða sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.
 - Mat á landgæðum m.a. að teknu tilliti til líffræðilegrar fjölbreytni og að stuðlað sé að sjálfbærri landnýtingu lands.
 - Mat á áhrifum vegna minja.
 - Mat á áhrifum skógræktar á ásýnd og útsýni.
- Leitað skal umsagnar til Skógræktarinnar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar þegar kemur til umsóknar um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar á landbúnaðarsvæðum auk þess sem framkvæmdin skal kynnt hlutaðeigandi hagsmunaaðilum ýmist innan skipulagsferils deiliskipulags eða með grenndarkynningu.
- Sé um fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, svæði sem skógræktarfélagin hafa umsjón með, skóga og skógræktarsvæði í grennd við þéttbýli eða svæði sem taka til 200 ha svæði eða stærra skal metið hverju sinni hvort ástæða sé til að breyta landnotkun svæðisins í skógræktar- og landgræðslusvæði.
- Nýræktun skóga á 200 ha svæði og stærra eða á verndarsvæðum sem breytir fyrri landnotkun er tilkynningarskyld vegna umhverfismats.
- Við skógrækt í námunda við ár- og vatnsbakka verði ekki hindruð frjáls för manna.
- Skógrækt valdi ekki snjósöfnun á vegum eða hindri vegsýn.

Í köflum 3.3.1 opin svæði (OP) og 4.9 opin svæði (OP) er bætt við eftirfarandi flokki:

Skógrækt á opnum svæðum:

- Skógrækt á opnum svæðum er framkvæmdaleyfisskyld og skal skila inn ræktunaráætlun og/eða deiliskipulagi vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar.
- Við umsókn um nýtingu opins svæðis undir skógrækt skal taka mið af eftirfarandi og gera grein fyrir innan ræktunaráætlunar og/eða deiliskipulags:
 - Mati á verndargildi vistgerða á viðkomandi svæði
 - Mat á landgæðum m.a. að teknu tilliti til líffræðilegrar fjölbreytni og að stuðlað sé að sjálfbærri landnýtingu lands.
 - Mat á áhrifum vegna minja.
 - Mat á áhrifum skógræktar á ásýnd og útsýni.
- Leitað skal umsagnar til Skógræktarinnar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar þegar kemur til umsóknar um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar á opnum svæðum auk þess sem framkvæmdin

skal kynnt hlutaðeigandi hagsmunaaðilum ýmist innan skipulagsferils deiliskipulags eða með grenndarkynningu.

- Sé um fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, svæði sem skógræktarfélögin hafa umsjón með, skóga og skógræktarsvæði í grennd við þéttbýli eða svæði sem taka til 200 ha svæði eða stærra skal metið hverju sinni hvort ástæða sé til að breyta landnotkun svæðisins í Skógræktar og landgræðslusvæði.
- Við skógrækt á opnum svæðum skal horft til þess að hámarka nýtingu svæðisins m.t.t. aðgengis almennings til útvistar og almennrar nýtingar á slíkum svæðum.
- Nýræktun skóga á 200 ha svæði og stærra eða á verndarsvæðum sem breytir fyrri landnotkun er tilkynningarskyld vegna umhverfismats.

Í kafla 3.2.2 skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) er bætt við eftirfarandi undir almenna skilmála:

- Á skógræktarsvæðum gilda sömu skilmálar er varðar framkvæmdaheimildir og á landbúnaðarlandi er varðar uppbyggingu á jörðum þar sem er föst búseta hafi jörð verið skilgreind sem skógaræktar- og landgræðslusvæði innan aðalskipulags.